# Fundargerð

138. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12 10.mars 2020, kl. 16:00

Viðstaddir:

Eva Stefánsdóttir, formaður, Jóhann Birnir Guðmundsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Jóhannes Albert Kristbjörnsson, Birgir Már Bragason, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

***

**1. Tillaga frá Miðflokki um stofnun afrekssjóðs (2019060245)**

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Margréti Þórarinsdóttur fyrir tillögu um stofnun nýs sjóðs og óskar jafnframt eftir að fá fullmótaða tillögu ásamt kostnaðarmati fyrir næsta fund ráðsins.

**2. Starfsáætlun fræðslusviðs - áherslur ÍT (2019120103)**

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir áherslur ÍT í starfsáætlun fræðslusviðs.

**3. Umsóknir í forvarnarsjóð (2020010022)**

a) Umsókn Heiðarskóla í forvarnasjóð til að bjóða upp á hinseginfræðslu frá Guðmundi Kára Þorgrímssyni og fræðsluna „ekki vera fáviti“ sem að Sólborg Guðbrandsdóttir flytur.

Umsókn Heiðarskóla er samþykkt.

b) Umsókn Myllubakkaskóla í forvarnarsjóð til að bjóða upp á vímuefnafræðslu sem heitir Veldu frá Heilsulausnum.

Umsókn Myllubakkaskóla í forvarnarsjóð er samþykkt.

c) Umsókn Krýsuvíkursamtakana í forvarnarsjóð. ÍT ráð getur ekki orðið við beiðninni.

ÍT ráð getur ekki orðið við beiðninni.

**4. Samningur um eflingu barna- og ungmennastarfs GS (2020021604)**

Samningur um eflingu barna- og ungmennastarfs GS lagður fram og samþykktur.

**5. Samningur um rekstur og umsjón púttvalla í Reykjanesbæ (2020021605)**

Samningur um rekstur og umsjón púttvalla í Reykjanesbæ lagður fram og samþykktur.

E.S.

**6. Skipun starfshóps um samþættingu skólastarfs og íþrótta- og tómstundastarfs(2020010077)**

Skipunarbréf lagt fram og samþykkt.

**7. Samstarf sundlauga á Suðurnesjum (2020030147)**

Erindi lýðheilsufulltrúa.

Samstarf sundlauga á Suðurnesjum

Lagt fram minnisblað samráðshóps um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum. Samráðshópurinn leggur til við sveitarfélögin á Suðurnesjum að:

a) fella niður gjöld fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára þvert á sveitarfélög.

b) árskort í sundlaugarnar gildi á milli sundlauga á Suðurnesjum.

Íþrótta- og tómstundaráð leggur til að samþykkja lið a) en vísa lið b til frekari vinnu forstöðumanna íþróttamannvirkja á Suðurnesjum.

**8. Fjölskylduopnanir í Fjörheimum (2020030148)**

Íþrótta- og tómstundaráð fagnar þessu framtaki að bjóða fjölskyldufólki að nýta félagsmiðstöðina Fjörheima til samverustunda. Opið verður frá kl 11.00 – 13.00 alla laugardaga í mars og laugardaginn 4. apríl í tilraunarskyni. Farið verður í leiki, barnamynd sýnd í bíósal og margt fleira verður í boði.

**9. Reglugerð afreks- og íþróttasjóðs Reykjanesbæjar (2020010017)**

Uppfærð reglugerð lögð fram og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.20